

Um umferð á svæðinu gilda eftirfarandi takmarkanir:

1. Allur akstur utan merktra slóða er bannaður.
2. Fólk er hvatt til að ganga ekki á grónu landi utan merktra göngustíga.
3. Ekki má fara með hesta utan merktra akveka á svæðinu og stranglega er bannað að beita þeim innan þess.
4. Aðeins má tjalda á merktum tjaldstæðum.
5. Við friðlýstum rústum má enginn hrófla og ekki ganga innan þeirra.
6. Notkun skotvopna á svæðinu er bönnuð.
7. Vegna friðunar gróðurs í Hvannalindum er skylt að loka hliði við Kreppubrú.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer að Náttúruverndarlögum.

Uppdráttur af mörkum friðlandsins fylgir.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni og birtist hún hér með skírskotun til 26., 32. og 33. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, og tekur friðlýsingin gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

*Í menntamálaráðuneytinu, 22. janúar 1973.*

**Magnús T. Ólafsson.**

*Birgir Thorlacius.*

Nr. 33.

23. janúar 1973.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ottós B. Arnar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. janúar 1973.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

**Minningarsjóðs Ottó B. Arnar.**

### 1. gr.

Sjóðurinn nefnist „Minningarsjóður Ottós B. Arnar“ og er stofnaður með gjöfum frá nemendum hans, loftskiptamönnum, samstarfsmönnum og vinum.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna bá nemendur í Loftskiptaskóla Íslands, sem skara fram úr í stundvísi, ástundun og þekkingu í fræðigreininni.

### 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100 000.00 — eitt hundrað þúsund. —. Sjóðurinn tekur áfram við gjöfum, sem honum kunna að berast.

Eignir sjóðsins skal ávaxta á eins tryggn hátt og unnt er, í vísitölutryggðum skuldabréfum ríkissjóðs meðan hægt er, en síðar í sparisjóðsdeildum ríkisbankanna eða fasteignatryggðum skuldabréfum. Höfuðstól sjóðsins, eins og hann nú er eða síðar kann að verða vegna gjafa eða vaxtaviðbóta, má ekki skerða.

Til verðlaunaveitinga skv. 2. gr. má árlega nota  $\frac{7}{8}$  af vaxtatekjum sjóðsins, en  $\frac{1}{8}$  hluta þeirra skal leggja fram til aukningar höfuðstóls hans.

**4. gr.**

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn:

1. Skólastjóri Loftskleytaskólans, og er hann formaður sjóðstjórnarinnar.
2. Einn niðji Ottós B. Arnar, tilnefndur af þeim.
3. Maður kosinn af Félagi íslenskra loftskleytamanna.

Ef ágreiningur verður um úthlutun verðlauna, ræður meirihlutinn.

**5. gr.**

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og jafnframt fara fram á það við skattayfirvöld, að gjafir til sjóðsins verði frádráttarbærar frá skatti.

**S A M Þ Y K K T****fyrir Veiðifélagið Hæng.****1. gr.**

Félagið heitir Veiðifélagið Hængur. Heimili þess og varnarþing er Hörgslands-hreppur í Skaftafellssýslu.

**2. gr.**

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði Hvalsíkis og Nýjaóss, en þær eru Núpsstaður, Rauðaberg, Kálfafell I og II, Blómsturvellir, Mariubakkar, Hvoll, Núpar, Seljaland, Dalshöfði, Teygingalækur, Slétta, Hrani og Orrustustaðir.

**3. gr.**

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að ráðstafa veiði eftir því, sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

**4. gr.**

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur úr stjórninni eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

**5. gr.**

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

**6. gr.**

Aðalfund skal halda í febrúarmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.